

Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um starfsemi Landhelgisgæslunnar og sjúkraflug.

Frá Silju Dögg Gunnarsdóttur.

1. Hefur ráðherra hafið vinnu við gerð langtímaáætlunar um starfsemi Landhelgisgæslunnar í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar? Ef svo er, hvenær er áætlað að þeirri vinnu ljúki og áætlunin verði kynnt?
2. Ætlar ráðherra að láta meta sérstaklega hvaða áhrif það hefði á þjónustu, nýtingu tækjabúnaðar og annan rekstur Landhelgisgæslunnar ef hún tæki við sjúkraflugi og kanna hvort sú breyting yki öryggi landsmanna?
3. Hyggst ráðherra láta athuga hvort hagkvæmara væri að sjúkraflug yrði í höndum einkaaðila eða á vegum Landhelgisgæslunnar, í samræmi við athugasemdir Ríkisendurskoðunar? Ef svo er, hvenær hefst sú athugun og hvenær er niðurstöðu að vænta?
4. Verði af slíkri athugun, verða þá hafðar í huga breytingar sem kunna að verða á starfsemi Landhelgisgæslunnar ef miðstöð leitar og björgunar í norðurslóðasamstarfi verður staðsett á Íslandi í framtíðinni?

Skriflegt svar óskast.